



## Drög að sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir fljótandi baðstofur í náttúrunni.

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfið gildir fyrir baðstofur sem eru tveir fljótandi saunaklefar sem festir eru við flotbryggju, hver klefi rúmar 10 manns.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur verður að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði þar um.
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.
- 1.4 Börnum undir 16. ára aldri er óheimill aðgangur.

### 2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Búnaður í fargufu skal vera þannig gerður og viðhaldið að fyllsta öryggis og þrifnaði verði komið við.
- 2.2 Rými saunaklefanna skal vera hæfilega hitað og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Greiður aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 2.4 Í saunaklefum skulu vera mælur sem sýna raka- og hitastig í klefanum.
- 2.5 Ganga skal þannig frá færanlegum tækjum og búnaði þannig að ekki stafi hætta af.

### 3. Hreinlæti og þrif

- 3.1 Þrif skulu vera fullnægjandi, leitast skal við að nota umhverfisvæn efni þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 3.2 Gólfefni og frágangur saunaklefa skulu vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Skrifleg hreinlætisáætlun skal vera til staðar. Allsherjarhreingerningu skal gera a.m.k. árlega.
- 3.4 Gæludýrum er óheimill aðgangur.
- 3.5 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.

#### **4. Öryggi og slysavarnir**

- 4.1 Gestir skulu hafa aðgengi að síma eða neyðahnapp tengdan lögreglu eða annarri neyðarþjónustu ef óhapp eða slys veður. Neyðarhnappur skal verða vel merktur.
- 4.2 Til staðar skal vera neyðaráætlun, viðbragðsáætlun og öryggisreglur.
- 4.3 Neyðaráætlun og öryggisreglur skulu vera sýnilegar gestum á skilti, veggspjaldi eða á öðru formi við hæfi.  
Að auki skulu verða sérstakar merkingar sem sýna yfirlitsmynd baðstaðar, hitastig saunaklefa bannreglur, aðvaranir og eigin ábyrgð baðgesta.
- 4.3 Gæta skal að hálkuvörnum, þar sem dekk umhverfis saunaklefa geta verið hál vegna bleytu og ísingar. Skilgreina skal hver er ábyrgur fyrir hálkuvörnum.
- 4.4 Viðurkenndur búnaður til skyndihjálpar skal vera á staðnum. Skal búnaður þessi yfirfarinn reglulega og starfsmenn þjálfaðir í notkun hans. Einnig skal vera búnaður til björgunar.
- 4.5 Hitagjafar, ofnar og útstreymisop, skulu varin þannig að ekki sé hætt á að af þeim hljótist slys.
- 4.6 Skrá skal óhöpp og slys á þar til gerð eyðublöð. Skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

#### **5. Matvæli**

- 5.1 Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
- 5.2 Einstaklingum undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er ekki heimill aðgangur að baðstofum og bannað er að neyta áfengis eða annarra vímuefna á meðan á dvöl stendur.

#### **6. Umhverfismál**

- 6.1 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs. Spilliefnum skal komið til móttökustöðva.
- 6.2 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstri hirslu. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisblöð fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengileg.
- 6.3 Fara skal eftir ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á.
- 6.4 Starfsemin má ekki valda ónæði, sem er veruleg og ítrekuð truflun eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir, s.s. vegna óþrifnaðar, ólyktar eða hávaða.